




Hlutverk samráðsnefnda við stefnumótun og
ákvarðanatöku -
Kynning MNL 10. mars 2022



Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
sérfræðingur í lýðræðismálum
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Reykjavíkurborgar





Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - leiðarljós og framtíðarsýn

- Að **virka** alla borgarbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Að leggja grunn að **nýjungum** sem geta eftt lýðræði í borginni til framtíðar.
- Að **auka traust** á stjórnslu borgarinnar með skýrum og gagnsæjum vinnubrögðum.
- Að **efla gæði** í ákvarðanatöku með því að fá fram og taka tillit til mismunandi sjónarhorna og hagsmuna.
- Að **mæta fólki** þar sem það er með því að tryggja jafnt aðgengi og inngildingu ólíkra hópa að lýðræðislegri þátttöku.
- Að ætíð sé metið við **stærri ákvarðanir** hvaða viðeigandi samráðsferli geti stutt við góða ákvarðanatöku.
- Að öll stefnumótun fari í gegnum viðeigandi samráðsferli á öllum stigum.



2


Úttekt á samráðsferlum

Aðgerð: Gerð verði úttekt á núverandi fyrirkomulagi samráðs við stefnumótun og ákvarðanatöku hjá Reykjavíkurborg.

Markmið: Að samráð við íbúa, hagaðila og samráðsnefndir verði ætíð hluti af stefnumótun og stærri ákvörðunum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.







Erindisbréf starfshóps um Græna planið

Helstu verkefni:

- Aðkoma að umbótastarfi í stefnumótun og stefnuframkvæmd, t.a.m. rýni og ráðgjöf vegna endurskoðunar á reglum Reykjavíkurborgar um stefnur og stefnumarkandi áætlanir og vegna könnunar á þekkingu, reynslu og skoðunum innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar hvað varðar stefnumótun og áætlanagerð.








Reglur um stefnur og stefnumarkandi áætlanir Reykjavíkurborgar

8.gr Samráð við hagsmunaaðila

Við móttun stefnu skal samráð haft við hagsmunaaðila innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar eins og við á. Í þeim tilgangi er mikilvægt að gera hagsmunaaðilagreiningu. Tilgangur þess er að hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um innihald stefnunnar á vinnslustigi og fái tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Það er til þess fallið að ná sem mestri samstöðu um stefnuna og auka líkur á að hún komist til framkvæmda. Þeir sem koma til með að bera ábyrgð á að innleiða stefnu og aðgerðir hennar skulu einnig fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Þegar við á skal afla formlegra umsagna um fyrirbyggjandi drög að stefnu eða áætlun.






Spurningar fyrir verkefnastjóra samráðsnefnda


1. Fær þín samráðsnefnd /ráð mörg mál til umsagnar á mánuði/ári?
2. Óskar þín samráðsnefnd eftir umsögnum annarra vegna mála sem eru í vinnslu eða við ákvaraðantöku? Oft í mánuði/á ári?
3. Finnst þér ferli samráðs, umsagna og stefnumótunar skýrt innan borgarkerfisins?
4. Annað sem þú vilt koma á framfæri?






Svör 1 - Fær þín samráðsnefnd /ráð mörg mál til umsagnar á mánuði/ári?

- Já, mjög mörg. Enda er það eitt meginhlutverk nefndarinnar að vera umsagnaraðili í aðgengismálum og um þjónustu borgarinnar fyrir fatlað fólk.
- já reglulega – innan borgarkerfis og frá nefndarsviði alþingis/Samráðsgátt
- Íbúaráði fá gjarnan bréf þar sem vakin er athygli á skipulagstillögum. Nokkrum sinnum á ári fá þau bréf þar sem sérstaklega er óskað eftir umsögnum þeirra um slík mál. Varðandi önnur mál þá hafa einstök eða eftir atvikum öll íbúaráð fengið afmörkuð mál til umsagnar frá fagráðum. Slíkt gerist reglulega.






Svör 2 - Óskar þín samráðsnefnd eftir umsögnum annarra vegna mála sem eru í vinnslu eða við ákvaraðantöku? Oft í mánuði/á ári?

- Nei, mjög sjaldan. En hefur komið fyrir.
- já reglulega frá sviðum borgarinnar/ ráðum og nefndum
- Sjaldan, hefur þó gerst að íbúaráð óski formlega eftir umsögn íbúasamtaka.






Svör 3 - Finnst þér ferli samráðs, umsagna og stefnumótunar skýrt innan borgarkerfisins?

- Ekki nógu skýrt en hefur þó batnað mikið undanfarið meðfram því að fólk þekkir nefndina betur. Fólk veit samt oft ekki hvernig það á að bera sig að með að koma erindi til nefndarinnar.
- já nokkuð
- Sjaldan, hefur þó gerst að íbúaráð óski formlega eftir umsögn íbúasamtaka.
- Bæði og. Hjá fagraðum virðist það að hluta til byggt á áhuga ráðsmanna. Þó gæti reynst erfitt að skýra nákvæmlega hvaða/hverskonar mál eigi að fara til umsagnar t.d. íbúaráða. Hægt væri að gera vísi að slíkum ramma en það myndi aldrei covera öll mál sem upp koma.






Svör 4 - Annað sem þú vilt koma á framfæri?

- Dettur í hug að það væri hægt að koma á einhverju formi eða e-ð álíka fyrir þau sem vilja senda mál til nefndarinnar til umsagnar. Eða einhvers konar leiðbeiningar. Að það þurfi að koma fram um hvað málið snýst, hvaða starfsstað/starfsemi það varðar, hvort viðkomandi vilji kynna málið fyrir nefndinni, hvenær kynningarefni ætti að berast nefndinni o.s.frv.
- Samráðsferli við hagsmunaðila félagsamtaka, og utan kerfis mætti vera skýrara. En fyrir allt samráð mættu vera samræmdar leiðbeiningar. Til dæmis leiðbeiningar með skilgreiningum á hvað skal liggja til grundvallar í vel heppnuðu samráði og mögulega fjölbreyttar leiðir til að ná því fram.





Takk fyrir

